

Tómas Ísleifsson
Ytri-Sólheimum 3
871 Vík



ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS

Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími 515 5300
Fax 515 5310 | skra@skra.is | www.skra.is


Reykjavík, 11. apríl 2011

Tilvísun: 10090295/12.20/GS

Efni: Leiðrétting fasteignamats Ytri-Sólheima 3 og Ytri-Sólheima 3A

Þjóðskrá Íslands hefur tekið til skoðunar kröfu þína um leiðréttingu á fasteignamati jarðarinnar Ytri-Sólheimar 3 og niðurfellingu á fasteignamati jarðarinnar Ytri-Sólheimar 3A. Samkvæmt úrskurði Fasteignamatsnefndar þann 18. des 1970 varð til jörðin Ytri-Sólheimar 3A og matsverð hennar ákveðið. Samkvæmt 2. gr. laga nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna skal meta hverja fasteign fasteignamati, en í 26. gr. sömu laga eru taldar upp þær eignir sem undanþegnar eru mati. Samkvæmt þeirri upptalningu telur Þjóðskrá Íslands sér ekki heimilt að færa fasteignamat jarðarinnar Ytri-Sólheimar 3A niður í 0 eins og farið er fram á og skal mat þeirrar jarðar því standa óbreytt. Við skoðun á fasteignamati jarðarinnar Ytri-Sólheimar 3 og þeirri breytingu sem varð á matinu árið 1973 þykir rétt að verða við kröfu um leiðréttingu matsins þar sem ekki var um rýrnun þeirrar eignar að ræða við stofnun Ytri-Sólheima 3A. Á það skal bent að fasteignamat á að endurspeglar markaðsverðmæti eigna (bújarðir skal þó meta miðað við notkun þeirra til búskapar meðan þær eru nýttar þannig) en er á engan hátt útreikningur á eignarhlutdeild lögbýla í sameignarlandi. Fasteignamat jarðanna Ytri-Sólheimar 3 og Ytri-sólheimar 3A í dag er því ekki grundvöllur til útreiknings hlutfallstalna í Ytri-Sólheimatorfu. Meðfylgjandi er nýtt matsvottorð fyrir Ytri-Sólheima 3.

F.h. Þjóðskrár Íslands



Guðjón Steinsson

Tómas Ísleifsson
Ytri - Sólheimum 3
871 Vík



ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS

Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími 515 5300
Fax 515 5310 | skra@skra.is | www.skra.is

Reykjavík, 19. maí 2011
Tilvísun: 10090295/12.20/MH

Efni: Viðbót við bréf, dags. 11. apríl 2011.

Vísað er til bréfs Þjóðskrár Íslands, dags. 11. apríl sl., varðandi erindi þitt um fasteignamat jarðanna Ytri-Sólheima 3 og Ytri Sólheima 3A.

Í bréfinu hefur láðst að veita leiðbeiningar um að ákvörðun sem þar kemur fram má kæra til innanríkisráðuneytisins innan þriggja mánaða. Því er hér með komið á framfæri og tekið er fram að kærufresturinn miðast við dagsetningu þessa bréfa.

F.h. Þjóðskrár Íslands

Guðjón Steinsson